

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1106****2023/EES/68/11****frá 5. júlí 2021**

um viðurkenningu á að fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar í Ástralíu fyrir afleiðuviðskipti sem eru undir eftirliti ástralska yfirvaldsins sem sinnir varfærnis eftirliti jafngildi tilteknum kröfum í 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (1), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvæði 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 kveða á um tilhögun sem veitir framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja jafngildisákvæðanir þar sem lýst er yfir að fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar þriðja lands jafngildi þeim kröfum sem mælt er fyrir um í 4., 9., 10. og 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 svo að mótaðilar sem stofna til viðskipta innan gildissviðs þeirrar reglugerðar teljist uppfylla þær kröfur með því að fara að kröfum sem settar eru fram í lagareglum þess þriðja lands, ef a.m.k. einn mótaðilanna hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi. Þessi yfirlýsing um jafngildi stuðlar að því að ná meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, þ.e. að draga úr kerfisáhættu og auka gagnsæi afleiðumarkaða með því að tryggja alþjóðlega samræmda beitingu meginreglnanna sem samkomulag er um við þriðju lönd og mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.
- 2) Með ákvæðum 1., 2. og 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, sem framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013 (2) og framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2251 (3) bæta við, er komið á lagaskilyrðum Sambandsins að því er varðar tímanlega staðfestingu á skilmálum OTC-afleiðusamnings, framkvæmd samþjöppunar á eignasafni og fyrirkomulag afstemmingar á eignasöfnum í tengslum við OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað. Að auki mæla þessi ákvæði fyrir um skuldbindingar um mat og lausn deilumála sem gilda um þessa samninga („aðferðir til að milda rekstraráhættu“) sem og skuldbindingar um skipti á veðtryggingu („tryggingarfé“) milli mótaðila.
- 3) Til að laga-, eftirlits- og framfylgdarreglur þriðja lands geti talist jafngildar reglum Sambandsins, að því er varðar aðferðir til mildunar rekstraráhættu og kröfur um tryggingarfé á efnisleg niðurstaða gildandi fyrirkomulags laga, eftirlits og framfylgdar að vera jafngild kröfum Sambandsins skv. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og tryggja verndun þagnarskyldu sem jafngildir þeirri vernd sem kveðið er á um í 83. gr. þeirrar reglugerðar. Enn fremur verður að beita jafngildu fyrirkomulagi laga, eftirlits og framfylgdar skilvirkt, á sanngjarnan hátt og án röskunar í því þriðja landi. Jafngildismatið felur því í sér sannprófun á því hvort fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar þriðja lands tryggi að OTC-afleiðusamningar, sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað og a.m.k. einn mótaðili með staðfestu í því þriðja landi hefur gert, leiði ekki til aukinnar áhættu fyrir fjármálamarkaði í Sambandinu og valdi af þeim sökum ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 238, 6.7.2021, bls. 99. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 42, 30.6.2022, bls. 22.

(1) Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag, stöðustofnunar skyldu, opinbera skrá, aðgang að viðskiptavettvangi, ófjárhagslega mótaðila og aðferðir til að draga úr áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað (Stjtið. ESB L 52, 23.2.2013, bls. 11).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2251 frá 4. október 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla vegna áhættuvarna fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað (Stjtið. ESB L 340, 15.12.2016, bls. 9).

- 4) Þann 1. október 2013 fékk framkvæmdastjórnin tækniráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar í Ástralíu ⁽⁴⁾, þar með talið aðferðir til mildunar rekstraráættu sem gilda um OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila. Í tækniráðgjöf sinni komst Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að því að ekki voru neinar lagalega bindandi kröfur um tímanlega staðfestingu á skilmálum OTC-afleiðusamnings, fyrirkomulag við afstemmingu eignasafns, framkvæmd samþjöppunar eignasafns, mat eignasafns og skuldbindingar um lausn deilumála eða skipti á tryggingum milli mótaðila að OTC-afleiðusamningum í Ástralíu. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin veitti því einnig athygli að ekki var unnt að meta jafngildi fyrirkomulags tvíhliða tryggingafjár á þessum tíma þar sem tæknistaðlarnir sem tilgreina reglurnar um tvíhliða tryggingarfé í Sambandinu höfðu ekki enn verið samdir.
- 5) Við mat sitt tók framkvæmdastjórnin mið af tækniráðgjöf Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og tók tillit til þeirrar þróunar á sviði reglusetningar sem orðið hefur síðan þá. Framkvæmdastjórnin hefur gert samanburðargreiningu á gildandi kröfum um lög, eftirlit og framfylgd í Ástralíu. Hún mat einnig niðurstöðu þessara krafna og hversu fullnægjandi þær eru til að milda áhættuna sem stafar af OTC-afleiðusamningum sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað, með hætti sem telst jafngildur niðurstöðu krafanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.
- 6) Það fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar sem gildir í Ástralíu um viðskipti með afleiðusamninga sem eru ekki stöðustofnaðir miðlægt er sett fram í varfærnistaðli (*Prudential Standard*) CPS 226 ástralska yfirvaldsins sem sinnir varfærnisefirliti (*Australian Prudential Regulation Authority, APRA*) sem samþykktur var samkvæmt þætti 11AF í bankalögum frá 1959 (*Banking Act*), 32. þætti í váttryggingalögum frá 1973 (*Insurance Act*), þætti 230A í lögum um líftryggingu frá 1995 (*Life Insurance Act*) og þætti 34C í lögum um eftirlit með jafngreiðslulífeyrissjóðum (eftirlit) frá 1993 (*Superannuation Industry (Supervision) Act, SIS Act*). Ástralska yfirvaldið sem sinnir varfærnisefirliti hefur umboð til að tryggja öryggi og traustleika fjármálastofnana sem varfærnisreglur gilda um svo að þær uppfylli fjárhagsskuldbindingar sínar við innistæðueigendur, váttryggingartaka og sjóðfélaga innan stöðugs, skilvirks og samkeppnishæfs fjármálakerfis. Ákvæði varfærnistaðals CPS 226 krefjast þess að eining sem fellur undir þessar reglur hafi viðeigandi aðferðir til tryggingarþekju og áhættumildunar í tengslum við afleiður sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt. Ákvæði varfærnistaðalsins gilda um stofnanir í banka-, almennri váttrygginga-, líftrygginga- og jafngreiðslulífeyrissarfsemi, með fyrirvara um tiltekin viðmiðunarmörk. Varfærnistaðall CPS 226 öðlaðist gildi þann 1. mars 2017. Sumar krafanna eru háðar áfangaskiptri innleiðingu í samræmi við alþjóðlegan ramma og samræmdar við fyrirliggjandi áfangaskipta innleiðingu í framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251.
- 7) Ákvæði varfærnistaðals CPS 226 gilda um afleiður sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt, að undanskildum gjaldeyris-samningum með lokagjaldþaga innan þriggja daga. Skilgreiningin í varfærnistaðli CPS 226 á afleiðum sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt er víðari en skilgreining á OTC-afleiðum í 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Í g-lið 9. mgr. varfærnistaðals CPS 226 er „afleiða“ skilgreind sem annaðhvort afleiða í skilningi 7. kafla laga um fyrirtæki (*Corporations Act*) frá 2001 eða fyrirkomulag sem er framvirkur samningur, skiptasamningur eða valréttur, eða hvers kyns samsetning af þeim, í tengslum við eina eða fleiri hrávörur. Því ætti að viðurkenna jafngildi að því er varðar OTC-afleiður sem falla undir kröfu um tryggingafé samkvæmt ákvæðum g-liðar 9. mgr. varfærnistaðals CPS 226.
- 8) Ákvæði varfærnistaðals CPS 226 gilda almennt um viðskipti með afleiður sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt og gerð eru milli „aðila undir eftirliti ástralska yfirvaldsins sem sinnir varfærnisefirliti“ og „eftirlitsskyldra mótaðila“. „Aðilar undir eftirliti ástralska yfirvaldsins sem sinnir varfærnisefirliti“ eru innlánsstofnanir með starfsleyfi, þ.m.t. erlendar innlánsstofnanir, og eignarhaldsfélög sem eru ekki í rekstri með starfsleyfi samkvæmt bankalögum, almennir váttryggingendur, þ.m.t. váttryggingendur í flokki C, eignarhaldsfélög sem eru ekki í rekstri með starfsleyfi samkvæmt váttryggingalögum og möðureiningar í váttryggingasamstæðum í 2. flokki, líftryggingafélög, þ.m.t. gagnkvæm félög (e. *friendly societies*) og viðurkennd erlend líftryggingafélög og eignarhaldsfélög sem eru ekki í rekstri en skráð samkvæmt lögum um líftryggingar, og skráningarhæfir jafngreiðslulífeyrissjóðir samkvæmt lögum um jafngreiðslulífeyrissjóði, með tilliti til starfsemi þeirra. Skilgreiningin á „eftirlitsskyldum mótaðilum“ samsvarar í stórum dráttum skilgreiningunni á „fjárhagslegum mótaðila“ í 8. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og undanskilur á svipaðan hátt félög með sérstakan tilgang ef viðskiptin eru eingöngu gerð til áhættuvagnar. Skilgreiningin á „eftirlitsskyldum mótaðilum“ tekur ekki tillit til staðsetningar lögsögu mótaðila svo framarlega sem enginn vafi leiki á fullnustuhæfi skuldajöfnunar-samningsins við ógjaldfærni eða gjaldþrot mótaðila eða ef veðtryggingasamningar eru ekki vafasamir og eru framfylgjanlegir samkvæmt lögum komi til vanskila mótaðila.

⁽⁴⁾ ESMA/2013/1373, Tækniráðgjöf um jafngildi reglna þriðja lands samkvæmt reglugerð um innviði Evrópumarkaða (EMIR) – Ástralía, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (*Technical advice on third country regulatory equivalence under EMIR – Australia, European Securities and Markets Authority*), 1. október 2013.

- 9) Í samræmi við 11. mgr. varfærniáðals CPS 226 eiga skyldur um skipti á viðbótartryggingum aðeins við um mótaðila viðskipta ef fjárhæð afleiðna sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt hjá báðum mótaðilum fara yfir lágmarksviðmiðunarmörk upp á 3 milljarða ástralskra dala, á uppsöfnuðum og samstæðugrunni. Í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 eru engin slík viðmiðunarmörk. Viðurkenning á jafngildi ætti því að vera háð því að skipst sé á viðbótartryggingu milli mótaðila sem falla undir 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og aðila undir eftirliti ástralska yfirvaldsins sem sinnir varfærnisefirliti.
- 10) Ákvæði varfærniáðals CPS 226 fela í sér svipaðar skyldur og þær sem eru í ákvæðum 1. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og ákvæðum VIII. kafla framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 149/2013. Einkum er að finna sértækar kröfur í 77. til 94. mgr. þessa varfærniáðals að því er varðar tímanlega staðfestingu, samþjöppun og afstemmingu eignasafns, verðmat viðskipta og lausn deilumála sem gilda um OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila. Að því er varðar tímanlega staðfestingu geta þær kröfur sem settar eru fram í varfærniáðli CPS 226 ekki talist jafngildar þar sem þær krefjast þess að viðskipti séu aðeins staðfest „eins fljótt og auðið er“ en ákvæði framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 149/2013 kveða á um hámarkstímabil sem staðfesta verður viðskiptin innan. Að því er varðar afstemmingu eignasafns geta þær kröfur sem settar eru fram í varfærniáðli CPS 226 ekki talist jafngildar þar sem tíðni afstemmingar fyrir eignasafn er ekki tiltekin í varfærniáðli CPS 226 en hún er aftur á móti ákveðin nákvæmlega í framseldri reglugerð (ESB) nr. 149/2013. Að því er varðar lausn deilumála geta þær kröfur sem settar eru fram í varfærniáðli CPS 226 ekki talist jafngildar þar sem, andstætt framseldri reglugerð (ESB) nr. 149/2013, varfærniáðallinn kveður ekki á um sérstaka málsmeðferð fyrir deilumál sem leysast ekki innan fimm virkra daga. Að því er varðar samþjöppun eignasafns og verðmat viðskipta ættu þær kröfur sem settar eru fram í varfærniáðli CPS 226 að teljast jafngildar að útkomu við þær kröfur sem settar eru fram í 13. og 14. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013.
- 11) Með tilliti til afleiðusamninga sem eru ekki stöðustofnaðir miðlægt og falla undir varfærniáðal CPS 226 ætti það fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar sem gildir um aðila undir eftirliti ástralska yfirvaldsins sem sinnir varfærnisefirliti því að teljast jafngilt þeim kröfum sem eru settar fram í 1. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar samþjöppun eignasafns og verðmat viðskipta sem gildir um OTC-afleiðusamninga sem eru ekki stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila.
- 12) Samkvæmt varfærniáðli CPS 226 verður að skiptast á viðbótartryggingu, með fyrirvara um þau lágmarksviðmiðunarmörk sem um getur í 11. mgr. þess varfærniáðals og leggja verður fram upphafstryggingu og innheimta hana fyrir öll ný afleiðuviðskipti sem eru ekki stöðustofnuð miðlægt, að undanskildum framvirkum gjaldeyrissamningum og gjaldeyrisskiptasamningum sem gerðir eru upp efnislega á milli aðila undir eftirliti ástralska yfirvaldsins sem sinnir varfærnisefirliti og eftirlitsskylds mótaðila. Ástralska yfirvaldið sem sinnir varfærnisefirliti hefur samþykkt alþjóðlega samþykkt, áfangaskipta innleiðingu krafna um upphafstryggingar og þau viðmiðunarmörk, sem eru notuð við innleiðinguna og eru gefin upp í áströlskum dölum, ættu að teljast jafngild þeim viðmiðunarmörkum sem um getur í 35. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/2251. Í ákvæðum framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/2251 er kveðið á um svipaðar undanþágur fyrir framvirka gjaldeyrissamninga og gjaldeyrisskiptasamninga sem gerðir eru upp efnislega og fyrir valrétti að stökum hlutabréfum eða vísitöluvalréttum. Þessi ákvörðun ætti því einungis að gilda um OTC-afleiðusamninga sem falla undir kröfur um tryggingarfé samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og varfærniáðli CPS 226.
- 13) Í samræmi við varfærniáðal CPS 226 þarf að reikna út og innheimta viðbótartryggingu daglega og gera skal upp fjárhæðir viðbótartryggingar „tafarlaust“. Ástralska yfirvaldið sem sinnir varfærnisefirliti hefur opinberlega lýst yfir væntingum sínum um að uppgreiðsla á viðbótartryggingu ætti í raun að fara fram á grunninum T+1 (þar sem T er dagsetning veðkalls). Hins vegar er slíkur tímarammi uppgreiðslu ef til vill ekki mögulegur við allar aðstæður, til dæmis vegna tímabelta og álitamála yfir landamæri. Því hefur ástralska yfirvaldið sem sinnir varfærnisefirliti samþykkt kröfu, sem byggist á meginreglum, um tafarlausa uppgreiðslu á viðbótartryggingu til að útkoman verði í samræmi við aðrar alþjóðlegar kröfur samkvæmt reglum um tímasetningu uppgreiðslu fyrir viðbótartryggingu. Ákvæði 12. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/2251 krefjast þess að mótaðilar viðskipta með OTC-afleiður sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila skiptist daglega á viðbótartryggingum eða stilli áhættutímabil tryggingarfjár, sem er notað til að reikna upphafstryggingu, til samræmis við það. Það fyrirkomulag sem kveðið er á um í varfærniáðli CPS 226 að því er tekur til viðbótartryggingar ætti einungis að teljast jafngilt ef slíkt fyrirkomulag gefur niðurstöðu sem er jafngild þeirri sem fékkst með því að beita kröfum reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Því ætti að mæla fyrir um skilyrði þess efnis.

- 14) Ákvæði varfærniáðals CPS 226 kveða á um samanlagða lágmarksfjárhæð millifærslu á upphafs- og viðbótartryggingum sem nemur 750 000 áströlskum dollurum, en ákvæði 25. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/2251 kveða á um fjárhæð upp á 500 000 evrur. Að teknu tilliti til þess takmarkaða mismunar sem er á þessum fjárhæðum og sameiginlegs markmiðs varfærniáðals CPS 226 og framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/2251 ættu þessar fjárhæðir að teljast jafngildar.
- 15) Kröfur varfærniáðals CPS 226 um útreikning á upphafstryggingu ættu að teljast jafngildar þeim kröfum sem settar eru fram í framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251. Á svipaðan hátt og staðlaða aðferðin við útreikning á upphafstryggingunni sem sett er fram í IV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2016/2251 heimila ákvæði varfærniáðals CPS 226 notkun á stöðluðu líkani sem jafngildir því sem mælt er fyrir um í IV. viðauka. Að öðrum kosti er hægt að nota innri líkön eða líkön frá þriðja aðila samkvæmt varfærniáðli CPS 226 til að reikna út upphafstryggingu, ef þessi líkön fela í sér tilteknar sértækar breytur sem jafngilda þeim sem eru settar fram í framseldri reglugerð (ESB) 2016/2251, þ.m.t. lágmarksöryggisbil og áhættutímabil tryggingarfjár og tiltekin söguleg gögn, þ.m.t. álagstímabil. Aðilar undir eftirliti ástralska yfirvaldsins sem sinnir varfærnisefirliti verða að sækja um samþykki þess til að geta notað innra líkan eða líkan frá þriðja aðila og tryggja að óháð endurskoðun á þessu líkani sé gerð áður en leitað er eftir samþykki.
- 16) Kröfurnar í varfærniáðli CPS 226 varðandi hæfar veðtryggingar og um það hvernig skal geyma þær tryggingar og aðgreina ættu að teljast jafngildar þeim reglum sem settar eru fram í 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/2251. Ákvæði varfærniáðals CPS 226 fela í sér sambærilegan lista yfir hæfar veðtryggingar og aðili undir eftirliti ástralska yfirvaldsins sem sinnir varfærnisefirliti verður að hafa viðeigandi eftirlitsráðstafanir til staðar til að tryggja að innheimtar veðtryggingar hafi ekki verulega fylgniáhættu eða verulega samþjöppunaráhættu í för með sér. Meta ætti samþjöppun með hliðsjón af einstaka útgefendum, gerð útgefanda og tegund eignar. Reglur um tryggingarfé fyrir OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila og felast í varfærniáðli CPS 226 ættu því að teljast jafngildar þeim sem kveðið er á um í 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- 17) Að því er varðar verndarstig þagnarskyldu í Ástralíu, falla upplýsingar sem ástralska yfirvaldið sem sinnir varfærnisefirliti býr yfir, sem og allar stofnanir samveldisins, undir persónuverndarlög frá 1988 („persónuverndarlög“). Enn fremur eru í lögnum um ástralska yfirvaldið sem sinnir varfærnisefirliti frá 1998 (e *APRA Act*) sett fram ítarleg leyndarákvæði sem gilda um ástralska yfirvaldið sem sinnir varfærnisefirliti og starfsfólk þess. Nánar tiltekið, skv. 2. mgr. 56. þáttar laganna um ástralska yfirvaldið sem sinnir varfærnisefirliti, eru fulltrúar eða fyrrverandi fulltrúar ástralska yfirvaldsins sem sinnir varfærnisefirliti sekir um afbrot ef þeir greina frá „vernduðum upplýsingum“ eða „vernduðu skjali“ við hvers kyns aðila eða „fyrir rétti“ (nema í samræmi við lög um ástralska yfirvaldið sem sinnir varfærnisefirliti). Að auki eru í 70. þætti glæpalaganna frá 1914 („glæpalögin“) þagnarskylduákvæði sem gilda almennt um aðila Samveldisins (þ.e.a.s. opinbera starfsmenn, þ.m.t. starfsfólk ástralska yfirvaldsins sem sinnir varfærnisefirliti og verkta). Þessi ákvæði gera það að verkum að refsivert er fyrir fulltrúa samveldisins að greina frá hvers kyns staðreyndum eða skjali sem þeir fá vitneskju um eða fá í hendur vegna stöðu sinnar sem fulltrúar Samveldisins og sem þeim ber að greina ekki frá. Samanlagt veita persónuverndarlögin, glæpalögin og lög um ástralska yfirvaldið sem sinnir varfærnisefirliti tryggingu fyrir þagnarskyldu, þ.m.t. vernd viðskiptaleyndarmála sem yfirvöldin deila með þriðju aðilum, sem ætti að teljast jafngild þeirri þagnarskyldu sem mælt er fyrir um í VIII. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- 18) Að lokum, að því er varðar skilvirkt eftirlit og framfylgd fyrirkomulags laga í Ástralíu er frumskylda ástralska yfirvaldsins sem sinnir varfærnisefirliti að vakta og framfylgja því að farið sé eftir varfærniáðli CPS 226. Ástralska yfirvaldið sem sinnir varfærnisefirliti getur gripið til margvíslegra eftirlitsráðstafana, þ.m.t. gert formlega rannsókn á málefnum stofnunar, sett skilyrði fyrir leyfi stofnunar eða gefið út tilmæli sem tengjast tilteknum sviðum, tilnefnt lögboðinn stjórnanda, dómskvaddan stjórnanda eða nýjan fjárvörsluaðila til að hafa umsjón með málefnum stofnunar, höfðað sakamál gegn einstaklingum eða stofnunum eða óskað eftir kyrrsetningu. Þessar ráðstafanir ættu því að teljast kveða á um skilvirka beitingu á viðeigandi fyrirkomulagi laga, reglusetningar og framfylgdar samkvæmt varfærniáðli CPS 226 á sanngjarnan hátt og án röskunar, og tryggja skilvirkt eftirlit og framfylgd sem jafngildir því fyrirkomulagi eftirlits og framfylgdar sem er í boði í lagamma Sambandsins.
- 19) Með þessari ákvörðun er viðurkennt jafngildi bindandi krafna sem settar eru fram í áströlskum lögum varðandi OTC-afleiðusamninga sem eru í gildi þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin mun, í samvinnu við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, fylgjast reglulega með þróun á fyrirkomulagi laga, eftirlits og framfylgdar að því er tekur til þessara OTC-afleiðusamninga og samræmdrar og skilvirkrar framkvæmdar þeirra að því er varðar tímanlega staðfestingu, samþjöppun eignasafns og afstemmingu, mat, lausn deilumála og kröfur um tryggingarfé sem gilda fyrir OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila sem þessi ákvörðun hefur verið tekin um.

Hluti af vöktunaraðgerðum framkvæmdastjórnarinnar getur verið að fara fram á að ástralska yfirvaldið sem sinnir varfærnisefirliti veiti upplýsingar um þróun á sviði reglusetningar og eftirlits. Framkvæmdastjórnin getur tekist á hendur sértæka endurskoðun, hvenær sem er, ef viðeigandi þróun gerir það nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin endurmeti jafngildið sem þessi ákvörðun veitir. Slíkt endurmat getur leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun, sem myndi í kjölfarið sjálfkrafa leiða til þess að mótaðilar falli aftur undir allar þær kröfur sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

20) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar í Ástralíu fyrir samþjöppun eignasafns og verðmat viðskipta sem er beitt á afleiðuviðskipti sem ekki eru stöðustofnuð af miðlægum mótaðila og ástralska varfærnisefirlitið hefur eftirlit með, teljast vera jafngilt kröfum 1. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, ef a.m.k. einn af mótaðilum þessara viðskipta er aðili undir eftirliti ástralska yfirvaldsins sem sinnir varfærnisefirliti eins og skilgreint er í varfærnistaðli CPS 226.

2. gr.

Að því er varðar 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar í Ástralíu vegna skipta á tryggingum sem er beitt á afleiðuviðskipti sem ekki eru stöðustofnuð af miðlægum mótaðila og ástralska yfirvaldið sem sinnir varfærnisefirliti hefur eftirlit með teljast jafngilt kröfunum í 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) a.m.k. einn af mótaðilum þessa viðskipta er aðili undir eftirliti ástralska yfirvaldsins sem sinnir varfærnisefirliti, eins og skilgreint er í varfærnistaðli CPS 226,
- b) ef viðbótartryggingar er krafist skv. reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er viðbótartrygging veitt sama dag og hún er reiknuð.

Ákveði mótaðilar sín á milli að ekki sé hægt að veita viðbótartryggingu með samræmdum hætti sama dag og hún er reiknuð skal fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar í Ástralíu, þrátt fyrir b-lið, einnig teljast jafngilt kröfum í 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 ef viðbótartrygging er veitt innan tveggja virkra daga frá útreikningi hennar og það áhættutímabil tryggingarfjár sem er notað til að reikna upphafstryggingu er leiðrétt til samræmis við það.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 5. júlí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.